

# Starfsreglur fyrir stjórn Öldu sjóða hf.

## I. Kafli. Almenn ákvæði

### 1. gr. Gildissvið.

Starfsreglur þessar eru settar með vísan til 2. mgr. 54. gr. l. nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, 5. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélag auk leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2010 um efni reglna skv. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002.

Allir stjórnarmenn skulu fá eintak af starfsreglum þessum, samþykktum félagsins og reglum um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja er þeir taka sæti í stjórn. Stjórnarmenn skulu staðfesta þær starfsreglur, sem stjórnin setur sér, með undirritun sinni.

### 2. gr. Tilgangur.

Tilgangur starfsreglnanna er að útfæra nánar fyrirmæli um störf og verkefni stjórnar félagsins til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og tryggja óhlutdrægni og jafnræði gagnvart viðskiptavinum við meðferð og afgreiðslu mála.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu gæta þess vandlega að hagsmunir viðskiptavina séu virtir og að fullur trúnaður ríki gagnvart þeim. Þeir skulu kappkosta að fyllsta trúverðugleika félagsins sé gætt og að tryggt sé að viðskiptin séu lögum samkvæmt.

## II. Kafli. Um stjórn félagsins

### 3. gr. Kjör formanns stjórnar.

Félagsstjórn kýs sér formann á fyrsta stjórnarfundi eftir kjör hennar og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

### 4. gr. Ákvæði um varamenn.

Aðalmaður í stjórn sem forfallast eða sér fram á forföll skal tilkynna það formanni stjórnar svo fljótt sem verða má. Formaður stjórnar sér um að boða varamann til fundar í forföllum aðalmanns.

### 5. gr. Fundarsköp stjórnar.

Formaður stjórnar stýrir fundum stjórnar. Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir undirbúningi stjórnarfunda. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að fundardagskrá liggi fyrir í lok síðasta starfsdags fyrir fundardag.

#### 6. gr. Boðun stjórnarfunda.

Framkvæmdastjóri kveður stjórnina til fundar í umboði stjórnarformanns. Fundir skulu haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði. Fund skal jafnan halda, ef einn eða fleiri stjórnarmenn óska þess, eða framkvæmdastjóri telur þess þörf. Fundi skal einnig halda ef kjörinn eða kjörnir endurskoðendur félagsins óska eftir því.

Framkvæmdastjóri skal sitja fundi stjórnar nema stjórn ákveði annað eða ef fjallað er um mál er varða hann sjálfan.

#### 7. gr. Lögmæti stjórnarfunda.

Fundur stjórnar er því aðeins lögmætur að þrír stjórnarmenn sitji hann. Afl atkvæða ræður úrslitum máls. Samþykki þriggja stjórnarmanna þarf til gildrar samþykktar fundar.

#### 8. gr. Ritun fundargerða.

Þær ákvarðanir, sem teknar eru á fundi stjórnar, skal bóka í sérstaka gerðabók og fundargerðir staðfestar með undirritun viðstaddra stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.

### III. Kafli. Hlutverk stjórnar og eftirlit.

#### 9. gr. Hlutverk stjórnar.

Stjórn fjallar um þau mál sem hún skal annast samkvæmt lögum, reglugerðum, fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins og samþykktum félagsins, svo og þau mál sem framkvæmdastjóri leggur fyrir stjórnina.

Stjórn skal sinna stefnumótun, eftirliti og töku meiri háttar ákvarðana í rekstri félagsins. Stjórn skal í samvinnu við framkvæmdastjóra fara með málefni félagsins og annast um að stjórnskipulag rekstrar þess og að starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnin skal tryggja að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.

Stjórn ber ábyrgð á að skyldur félagsins samkvæmt lögum og reglum séu uppfylltar. Stjórn skal reglulega meta og endurskoða skilvirkni stefnu, fyrirkomulags og verklags sem komið hefur verið á til að uppfylla skyldur samkvæmt lögum og reglum og gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bóta á hvers konar annmörkum.

Stjórninni ber að huga sérstaklega að áhættum í starfi félagsins og fara reglulega yfir skýrslu framkvæmdastjóra um mat hans á áhættum í starfi og um þær ráðstafanir sem hafðar eru í frammi til að fylgjast með og meta þær áhættur sem starfi félagsins fylgja.

Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og veita prókúruumboð fyrir félagið.

SK  
ES  
OU

#### 10. gr. Aðgangur stjórnarmanna að gögnum.

Stjórn skal hafa aðgang að öllum gögnum er varða félagið og rekstur þess til þess að geta sinnt stjórnunar- og eftirlitsskyldu sinni. Stjórnarmönnum er óheimilt að fara með slík gögn eða afrit þeirra af starfstöð félagsins. Aðgangur stjórnarmanna að upplýsingum um einstaka viðskiptamenn skal vera í samræmi við þessar reglur að öðru leyti, þó þannig að sérstakra hæfisreglna sé gætt.

#### IV. Kafli. Hæfisskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.

##### 11. gr. Hæfisskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur efni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði félagið.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða. Þú þeirra mega ekki hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta og þeir mega ekki hafa hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, lögum um bókhald, ársreikninga, gjaldþrotalögum eða lögum um greiðslu opinberra gjalda eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

##### 12. gr. Hæfi stjórnarmanna til afgreiðslu einstakra mála.

Um þátttöku stjórnarmanna í meðferð mála gilda ákvæði 55. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Þannig skal stjórn félagsins, og einstaka stjórnarmenn, ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti né hafa aðgang að upplýsingum um þau, nema umfang þeirra sé verulegt miðað við stærð félagsins.

Stjórnarmenn skulu ekki taka þátt í meðferð mála:

- a) Er varðar viðskipti hans sjálfs eða fyrirtækja sem hann á beinan eða óbeinan virkan eignarhlut í, situr í stjórn hjá, er fyrirsvarsmaður fyrir eða á að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í.
- b) Er varðar viðskipti maka hans (hjúskapur, sambúð, samvist) eða annarra aðila sem hann er tengdur persónulega eða fjárhagslega eða fyrirtækja sem slíkir aðilar eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í (tengdir aðilar).
- c) Er varðar viðskipti aðila sem stunda atvinnustarfsemi sem er í beinni samkeppni við ofangreinda aðila.
- d) Ef að öðru leyti eru fyrir hendi aðstæður sem eru fallnar til þess að draga megi óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Stjórnarmönnum er skylt við upphaf starfa sinna að upplýsa stjórn um þá aðila sem tengjast þeim hagsmunatengslum samkvæmt ofangreindu, sem og breytingar á slíkum upplýsingum á meðan á stjórnarsetu stendur. Skal halda skriflega skrá um slíka aðila sem skal liggja fyrir á stjórnarfundum og hafa skal hliðsjón af þeirri skrá við boðun stjórnarfunda.

Stjórnarmenn sem eru vanhæfir til meðferðar máls mega ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Stjórnarmenn sem eru vanhæfir til meðferðar máls skulu víkja af fundi og ekki fá aðgang að gögnum er varða afgreiðslu viðkomandi máls. Bóka skal í fundargerð að stjórnarmaður hafi vikið sæti og ekki fengið aðgang að gögnum þessu til staðfestingar.

Stjórnarmaður sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar vekja athygli formanns stjórnar á því. Stjórn ákveður hvort stjórnarmenn, einn eða fleiri, teljist vanhæfir til meðferðar máls. Þeir stjórnarmenn sem ákvörðun um vanhæfi snýr að skulu ekki taka þátt í ákvörðun um það. Þetta gildir þó ekki ef það leiðir til þess að stjórn teljist ekki ályktunarhæf. Skulu þá allir stjórnarmenn taka ákvörðun um hæfi stjórnarmanna.

Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður geta krafist þess að stjórnarmanni verði gert að víkja sæti áður en efni máls er kynnt og gögn afhent, telji þeir stjórnarmann vanhæfan til meðferðar máls. Í slíkum tilvikum skal stjórn taka ákvörðun um vanhæfi viðkomandi stjórnarmanns áður en mál er tekið til umfjöllunar.

Séu stjórnarmenn vanhæfir til afgreiðslu mála skal jafnframt koma í veg fyrir að þeir hafi aðgang að þeim upplýsingum er varða það mál sem þeir eru vanhæfir til að fjalla um.

Bóka skal um öll tilvik sem varða vanhæfi stjórnarmanna í fundargerðabók.

### 13. gr. Venslaðir aðilar

Eftirfarandi teljast venslaðir aðilar:

- a) Stjórnarmenn og varamenn þeirra, framkvæmdastjóri, lykilstarfsmenn og nánir fjölskyldumeðlimir þessara aðila.
- b) hliðstæðir aðila og nefndir eru í a) lið í móður- og/eða vörslufyrirtæki og tengdum félögum.
- c) Hluthafar sem eiga með beinum eða óbeinum hætti meira en 5% eignarhlut eða stærri í félaginu eða móður- og/eða vörslufélagi.
- d) Eigi hluthafi skv. c) lið með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 10% eignarhlut í fyrirtæki þá telst það fyrirtæki venslaður aðili.
- e) Eigi aðilar skv. a) og b) liðum með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 10% eignarrhlut í fyrirtæki, þá telst það fyrirtæki venslaður aðili.

- f) Fyrirtæki, þar sem aðilar skv. a) og b) liðum eru lykilstarfsmenn eða stjórnarmenn hjá, telst venslaður aðili.

Öll viðskipti félagsins við venslaða aðila þurfa að vera með þeim hætti að þau séu án vafa um misnotkun eða óeðlilega viðskiptahætti. Með viðskiptum er átt við allar fjárfestingar þar sem venslaði aðilinn er útgefandi verðbréfsins sem og innlán hjá móður- og/eða vörslufélagi. Enn fremur telst til viðskipta öll eignayfirfærsla sem á sér stað frá móðurfélagi og/eða vörslufélagi til félagsins.

Viðskipti við venslaða aðila skulu rökstudd og skal þeim rökstuðningi fylgja hvort og þá hvaða önnur sambærileg viðskiptatækifæri voru skoðuð. Haldið skal utan um þau kjör sem sjóðum félagsins bjóðast í innlán þeirra. Haldið skal utan um tilboð um kjör innlána í 24 mánuði eftir að þau berast félaginu.

Stjórn skal fela innri endurskoðanda að fara með reglubundnum hætti yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila, m.a. með tilliti til kjara, endursamninga og stöðu, ásamt því að athuga hvort viðkomandi fjárfestingar falli undir fjárfestingarstefnu sjóðsins. Skýrsla innri endurskoðanda um þetta efni skal send Fjármálaeftirlitinu í samræmi við leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2010.

Stjórn skal jafnframt fela ytri endurskoðanda að fara yfir fjárfestingar í vensluðum aðilum og bera þau saman við sambærilegar fjárfestingar í öðrum aðilum og gefi rökstutt álit meðal annars m.t.t. kjara, endursamninga og stöðu viðkomandi. Koma skal fram í skýrslu ytri endurskoðanda um hvaða samanburðaraðila sé að ræða. Skýrsla ytri endurskoðanda skal send Fjármálaeftirlitinu í samræmi við leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2010.

## V. Kafli. Meðferð upplýsinga um viðskiptamenn.

### 14. gr. Meðferð upplýsinga um einstaka viðskiptamenn.

Eigi stjórn eða stjórnarmenn rétt til upplýsinga um viðskipti skulu þær upplýsingar aðeins veittar á stjórnarfundum. Fyrirspurnir stjórnarmanna um einstök viðskipti skal bera upp í stjórn og svör við einstökum fyrirspurnum skulu kynnt stjórnarmönnum öllum og bókaðar í fundargerð. Stjórnarmönnum er óheimilt að hafa beint samband við starfsmenn félagsins til upplýsingaöflunar.

Stjórn skal sjá til þess að í reglum starfsmanna sé kveðið á um að þeir skuli ekki veita stjórnarmönnum upplýsingar um viðskiptavini félagsins og auk þess sé kveðið á um að berist starfsmönnum slík beiðni skuli þeir gera framkvæmdastjóra viðvart.

### 15. gr. Þagnarskylda

Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, endurskoðandi, starfsmenn, og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu félagsins eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni

viðskiptamanna félagsins, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Sá sem veitir viðtöku upplýsingum af því tagi, sem um getur í næstu málsgrein hér að framan, er bundinn þagnarskyldu með sama hætti og þar greinir. Sá aðili sem veitir upplýsingarnar skal áminna viðtakanda um þagnarskylduna.

## VI. Kafli. Viðskiptaerindi stjórnarmanna og tengdra aðila.

### 16. gr. Viðskipterindi

Reglur um verðbréfavíðskipti starfsmanna Öldu sjóða hf. gilda um verðbréfavíðskipti stjórnarmanna.

Viðskiptaerindi stjórnarmanna, og fyrirtækja sem þeir eru í fyrirsvari fyrir, skulu lögð fram fyrir stjórn félagsins eða stjórnarformann, til samþykktar eða sýnunar, að fengnu samþykki regluvarðar ef um verðbréfavíðskipti er að ræða.

Ekki er nauðsynlegt að leggja víðskipti fyrir stjórn ef um er ræða venjuleg víðskipti sem lúta lágum fjárhæðum. Með því er átt við einstök víðskipti stjórnarmanna og samanlagt á ársgrundvelli að heildarupphæð allt að 25 millj.kr. eða skuldbindingar fyrirtækja, sem stjórnarmenn eru í forsvari fyrir, að heildarupphæð allt að 50 millj.kr. við Öldu sjóði hf. Þá er ekki nauðsynlegt að leggja víðskipti fyrir stjórn ef víðskiptin eru framkvæmd í eignastýringu án aðkomu hlutaðeigandi stjórnarmanns.

Framkvæmdastjóri skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega leggja fyrir stjórn til upplýsingar greinargerð um víðskipti við venslaða aðila. Skýrslu um slík víðskipti skal skila til Fjármálaeftirlitsins í samræmi við kröfur eftirlitsins.


## VII. Kafli. Gildistaka.

### 17. gr. Gildistaka.

Reglur þessar öðlast gildi við staðfestingu Fjármálaeftirlitsins.

Reykjavík, 21. maí 2012.

Stjórn Rekstrarfélags Öldu sjóða hf.

  
Ólafur L. B. Sveinsson